



Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2020-2023

Greinargerð

Fjárhagsáætlunarferlið

Undirbúningur vegna fjárhagsáætlunar 2020-2023 hefur staðið yfir frá því í september. Sveitarstjórn hefur komið sér upp ákveðnu verklagi við fjárhagsáætlanagerðina í þeim tilgangi að fá sem flesta til þátttöku og gefa öllum tækifæri á að koma með ábendingar og athugasemdir í ferlinu. Fyrir utan aðkomu nefnda og forstöðumanna kallar sveitarstjórn til fulltrúa eldri borgara og ungmennaráðs ásamt því að boða til íbúafundar. Þátttaka samfélagsins í gerð fjárhagsáætlunar er mikilvæg þar sem niðurstaða hennar er bindandi fyrir sveitarstjórn þegar kemur að rekstri sveitarfélagsins á næsta ári og er ekki breytt nema með gerð viðauka við fjárhagsáætlun. Áætlunin sem gerð er fyrir 2021-2023 er síðan stefnumótandi áætlun sveitarstjórnar.



Mynd 1 Verkfæri sveitarstjórnar við undirbúning fjárhagsáætlunar

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2019 og þriggja ára áætlunar 2020-2022

Almennar forsendur líkt og verðlagsbreytingar, útsvar og fasteignamat eru opinberar upplýsingar sem ýmist koma frá Þjóðskrá, Hagstofu eða fasteignamati.

Reiknað verður með 3,2% almennum verðlagsbreytingum 2020 og öðrum verðlagsbreytingum samræmi við þjóðhagsspá Hagsstofu Íslands til 2023. Launabreytingar eru áætlaðar 5,5%. Hækkun útsvars verður um 6,5 % miðað við áætlaða staðgreiðslu tekjuárið 2020. Útsvarshlutfall verður áfram í hámarki eða 14,52%. Hækkun á fasteignamati er 5,9%.



Skaftárhreppur

- Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%
- Fasteignagjöld skv. b- lið, opinbert húsnæði, 1,32%
- Fasteignagjöld skv. c- lið, atvinnuhúsnæði, 1,65%
- Holræsagjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.

Gjald dagar fasteignagjalda 2020 verður fjölgað úr 6 í 9.

Sveitarstjórn sá sér ekki fært að lækka álagningu á fasteignir 2020 vegna þeirra fjölmörgu verkefna sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir á næstu árum.

Engar breytingar verða á gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar. Gjaldskrár mótuneytis, tónlistarskóla og leikskóla taki vísitölubreytingu í janúar og júlí líkt og undanfarin ár. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar hækkar lítillega en vegna hunda- og kattahalds og félagsheimila verða óbreyttar.

Gert er ráð fyrir að gatnagerðargjöld standi undir kostnaði vegna gatnagerðar á Kirkjubæjarklaustri. Tekjur af sölu ráðhússins á Klausturvegi 15 koma inn 2020 en var áður áætlað 2019.

Þriggja ára áætlun 2021-2023 er uppreiknuð miðað við þjóðhagsspá.

Lykiltölur Samantekið - A og B hluti	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Íbúafjöldi.....	586	616	616	616	616	616
EBITDA (framlegð).....	111.164	69.544	42.367	56.847	79.760	99.905
EBIT.....	93.405	46.182	13.602	21.370	37.474	55.597
Veltufé frá rekstri.....	84.076	65.704	23.052	50.412	68.968	89.513
Handbært fé frá rekstri.....	41.907	65.704	23.052	50.412	68.968	89.513
Afborganir	56.463	17.628	18.830	21.424	35.638	38.137
Fjárfestingar	80.829	133.512	88.240	323.100	103.165	51.950
Fjárförf (EBITDA - vextir, afborganir og fjárfesting).....	-37.672	-88.872	-69.937	-295.616	-70.514	-1.768
Vaxtagreiðslur.....	11.544	7.275	5.234	7.938	11.471	11.587
Vaxtagreiðslur ársins:						
Vaxtagjöld og verðbætur.....	-18.055	-12.510	-9.977	-15.778	-22.850	-23.111
Verðbætur og gengismunur.....	6.511	5.235	4.743	7.839	11.379	11.524
Vaxtagreiðslur ársins:.....	-11.544	-7.275	-5.234	-7.938	-11.471	-11.587

Mynd 2 Lykiltölur úr fjárhagsáætlun

Málaflokkar – viðbætur/breytingar

Við gerð fjárhagsáætlunar 2020-2023 hefur eins og kostur er verið tekið tillit til þeirra beiðna sem komið hafa frá forstöðumönnum stofnanna sveitarfélagsins, nefnda sveitarfélagsins ásamt þeim ábendingum sem fram komu á íbúafundi 16. október sl. Hér eru raktar helstu breytingar málaflokka sem eru í samþykkttri áætlun fyrir árið 2020.



Skaftárhreppur

Félagsþjónusta

Áfram er gert ráð fyrir styrk til félags eldri borgara að upphæð 200 þúsund vegna ferðar sem félagið stendur árlega fyrir. Afsláttur fasteignagjalda eldri borgara hækkar sem nemur hækkun fasteignagjalda eða um 5,9%. Hækkun er á félagslegri heimaþjónustu en starfsmenn í heimaþjónustu munu frá áramótum fara á launaskrá hjá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Fræðslumál

Gert er ráð fyrir 300 þús.kr. vegna kynningarferðar fræðslunefndar í tengslum við undirbúning á innleiðingu heilsueflandi skóla. Einnig er gert ráð fyrir 300 þús.kr vegna heilsudaga líkt og undanfarin ár

Kæribær

Stöðugildum fjölgar úr 7,4 í 9 á næsta ári til að koma til móts við þá biðlista sem eru að myndast. Haldið verður áfram að endurnýja girðingu í kringum leikskólann ásamt ýmsum lagfæringum innanhúss líkt og glugga í hurðir ofl. Einnig er aukið fjármagn í auglýsingar eða aðrar aðgerðir til að laða að starfsfólk.

Kirkjubæjarskóli

Haldið verður áfram að endurnýja borð og stóla fyrir nemendur ásamt endurnýjun bjöllukerfis. Endurhanna þarf brunakerfi skólans ásamt því að loftræstikerfi er komið á tíma.

Tónlistarskóli

Gert er ráð fyrir fjármagni í nemendaferð tónlistarskólans á vorönn ásamt hljóðritun á efni nemenda. Endurnýja þarf tölvu fyrir tónlistarskólann.

Menningarmál

Bókasafn

Landskerfi bókasafna vinnur að undirbúningi á innleiðingu nýs útlána- og leitarkerfis sem mun taka við af Gegnir. Stefnt er að því að það verði tekið í notkun árið 2020. Enn er ekki ljóst hvort og þá hversu mikill kostnaður við þróun og innleiðingu kerfisins verður fyrir sveitarfélögin.

Fornleifarannsóknir

Áfram er gert er ráð fyrir stuðningi við sjálfstæðar fornleifarannsóknir að upphæð 500 þús.kr.

Verslunarmannahelgin – sumarhátíðir

Gert er ráð fyrir 200 þús.kr vegna hugmynda íþróttar- og tómsbundanefndar í samvinnu við menningarmálanefnd um að standa fyrir viðburðum um verslunarmannahelgina á næsta ári.

Uppskeruhátíð og aðrir styrkir

Uppskeruhátíðin fær 600 þús.kr en einnig er gert ráð fyrir sömu upphæð sem nýst getur í aðra viðburði. Gert er ráð fyrir 500 þús.kr. styrk til Fótspora, félags um sögu og minjar í Skaftárhreppi til að verja Heiðarrétt fyrir ágangi Skaftár með grjótgardi.

Múlakotsskóli

Áætlað er að setja 500 þús.kr. mótframlag í áframhaldandi lagfæringar á Múlakotsskóla vegna styrks úr Húsafriðunarsjóði.



Skaftárhreppur

Æskulýðs- og íþróttamál:

Framlög til 17. júní hátíðahalda verða áfram 400 þús. Ekki er gert ráð fyrir íþrótt- og tómsfundafulltrúa en keypt verði vinna af starfandi íþróttakennara sem mun sinna ýmsum verkefnum í tímavinnu s.s. íþróttatímar fyrir leikskólann Kærabæ, hjúkrunar- og dvalaheimilið Klausturhóla og fjölbreytta hreyfingu fyrir 60+. Laun vegna félagsmiðstöðvar hækka einnig milli ára þar sem gera þarf ráð fyrir aukinni opnun fyrir 5. -7. bekk ásamt því að félagsmiðstöðin verður opin að hluta til yfir sumarið. Áfram verður boðið uppá frístundastyrki að upphæð 20 þús. á ári fyrir hvert barn á aldrinum 6-17 ára vegna þátttöku í skipulögðu frístunda-/tómsfundastarfi.

Farið verður af stað með uppbyggingu á fjölbreyttri aðstöðu til íþróttaiðkunar en ákveðið hefur verið að setja upp strandblaksvöll í námunda við íþróttamiðstöðina auk þess sem byrjað verður á frísbíggvelli. Gert er ráð fyrir að sett verði fjármagn í uppbyggingu frísbíggvallar næstu þrjú árin og hann verði fullbúin 2022.

Brunamál- og almannavarnir:

Slökkviliðið verður áfram með bakvaktir á næsta ári. Unnið verður að uppbyggingu slökkviliðs að öðru leyti í samræmi við samþykkt Brunavarnaráætlun sveitarfélagsins. Ráðist verður í kaup á nýjum tækjabíl fyrir slökkviliðið 2020.

Skipulags- og byggingamál:

Stærsti kostnaðarliður verkefna í skipulagsmálum verður í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins. Ráðgert er að ráða sumarstarfsmann til að sinna skjölun og koma gögnum á rafrænt form.

Umferðar- og samgöngumál

Rekstur og viðhald gatnakerfis verður með svipuðu sniði. Lokið verður við yfirlagningu á Klausturveginum frá hraðahindrun við grunnskólann og uppá Klausturhlað. Rarik mun afhenda sveitarfélaginu götuljósakerfið í byrjun árs 2020 og er enn óljóst hver kostnaður við viðhald þess kemur til með að verða. Sérstök áhersla verður lögð á lagfæringar á veginum milli Leiðólfsfells og Hrossatungna og að ljúka við lagfæringu vegarins að Miklafelli í styrkvegaumsóknum 2020. Mótframlag sveitarfélagsins til styrkvegaverkefna verður 1 millj.kr.

Umhverfis- og hreinlætismál

Ákveðið hefur verið að fara af stað með tilraunaverkefni til eins árs í meðhöndlun úrgangs til að meta hvaða leiðir henta íbúum og umhverfinu best til framtíðar. Tilraunaverkefnið verður kynnt sérstaklega fyrir íbúum í byrjun árs. Ekki verða gerðar breytingar á gjaldskrá sorphirðu og/eða eyðingu fyrr en að tilraunátímabili loknu. Gert er ráð fyrir að þjónustutekjur vegna sorphirðunnar standi undir þeim kostnaði sem hlýst af verkefninu. Áfram verður gert ráð fyrir umhverfisátaki í dreifbýlinu líkt og undanfarin ár. Lokið verður við undirbúning vegna fráveitumála og uppsetningu hreinsistöðvar í þéttbýli á árinu 2020 en gert er ráð fyrir að framkvæmdir vegna fráveitumála skiptist á árin 2021-2022.



Skaftárhreppur

Atvinnumál

Framlag til Kirkjubæjarstofu vegna samstarfs um atvinnu- og kynningarfulltrúa verðbættist samræmi við launavísitölu ásamt því að áfram er gert ráð fyrir rekstrarframlagi til stofunnar. Áframhaldandi framlag verður til Kötlu jarðvangs og Náttúrustofu Suðausturlands.

Fjárgirðingar- og landgræðsla:

Gert er ráð fyrir 2,7 millj. vegna ýmissa verkefna við lagfæringu á girðingum og lögréttum í sveitarfélaginu og er þar af áætlað fjármagn í viðhald á Skaftárrétt 1,5 millj.

Sameiginlegur kostnaður

Engar verulegar breytingar verða á rekstri skrifstofu á næsta ári. Áfram er gert ráð fyrir að kostnaður vegna mannauðsstjóra til leigu verði skipt niður á stofnanir sveitarfélagsins en einnig verður keypt þjónusta Dattaca Labs vegna persónuverndarfulltrúa. Farið verður í að útbúa nýja heimasíðu fyrir www.klaustur.is með íbúagátt og fundagátt.

Framkvæmdaáætlun 2020-2023

Framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins skiptist í gjaldfært viðhald vegna fasteigna í eigu sveitarfélagsins annars vegar og fjárfestingar nýframkvæmda hins vegar. Líkt og áætlun um rekstur málaflokka er framkvæmdaáætlun fyrir árið 2020 bindandi fyrir sveitarstjórn og verður aðeins breytt með gerð viðauka við fjárhagsáætlun. Þriggja ára áætlun er síðan stefnumótandi áætlun sveitarstjórnar og gefur tóninn um þau verkefni sem hefja þarf undirbúning á 2020. Framkvæmdaáætlunin 2020 verður samtals 156 millj. kr. Fjármögnun fjárfestinga árið 2020 verður að mestu handbært fé en gert er ráð fyrir lántöku vegna áhaldahúss og að gatnagerðargjöld komi á móti gatnagerð. Hér má sjá yfirlit yfir áætlaða fjármögnun framkvæmda 2020-2023;

- Sala á fyrrum ráðhúsi Klausturvegi 15 um 20 millj.
- Gatnagerðargjöld standa að stærstum hluta undir kostnaði við gerð íbúðagatna á tímabilinu samtals 47,7 millj.

Gert er ráð fyrir lántökum vegna eftirfarandi framkvæmda;


- 2020 Áhaldahús – 40 millj.
- 2021 Verkgreinaaðstaða og fráveita 300 millj.
- 2022 Laugarvegur og framhald fráveituframkvæmda 60 millj.kr

Lántökur miðast við jafngreiðslulán til 15 ára frá Lánasjóði sveitarfélaga með föstum verðtrygðum vöxtum 1,74%.



Skaftárhreppur

Skuldaviðmið



—●— Reiknað skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum

—■— Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum

Skuldahlutfall sveitarfélagsins, sem nú er 33,3%, verður samkvæmt ofangreindri áætlun í lok árs 2023 um 80% en má hæst vera 150%. samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Fjárfestingar 2020-2023

Sveitarstjórn leggur upp með metnaðarfulla fjárfestingaráætlun til næstu fjögurra ára. Stærsta verkefnið 2020 verður uppbygging áhaldahúss en áætlað er að nýta fyrrum sorpbrennslunar í önnur verkefni. Gert er ráð fyrir að samningar náist við ríkið og að hægt verði að úthluta lóðum og fara í gatnagerð á Preststúni. Unnið verður áfram að hugmyndum um þekkingarsetur í heimavistarálmu Kirkjubæjarskóla sem hýsa mun m.a. skrifstofur sveitarfélagsins. Farið verður af stað með hönnun undir verkgreinaaðstöðu fyrir grunnskólann ásamt aðstöðu fyrir tónlistarskólann. Komid verður upp litlu móttöku/flokkunarhúsi á gámasvæðinu á Iðjuvöllum. Lokið verður við frágang í tengslum við planið fyrir íþróttamiðstöðina og innganginn í grunnskólann. Keypt verða ný borð í félagsheimilið á næsta ári og áætluð kaup á stólum 2021.

	2020	2021	2022	2023
Áhaldahús	40.000.000			
Áhaldahús/tæki	2.000.000			
Gatnagerð	15.000.000	31.000.000	12.750.000	
Strandblaksvöllur	600.000			
Frisbíggolfvöllur	400.000	400.000	400.000	
Þekkingarsetur/skrifst.	8.400.000			
Salerni KBS + skrifst. Skólar	6.500.000			
Geymslustöð - verkgr.	4.000.000	250.000.000		
Fráveita	3.500.000	50.000.000	50.000.000	
Ljósleiðari	7.040.000			
Laugarvegur			35.000.000	35.000.000
Gámasvæði hús	2.000.000			
Gangstéttir		8.700.000	17.765.000	16.950.000
Slökkvibíll	8.500.000			
Íþróttavöllur/aðstaða				
Þvottavél skóli/íþr.miðst	800.000			
Félagsh. Borð+stólar	2.500.000	3.000.000		
Plan íþróttahús	2.000.000			
Samtals	103.240.000	343.100.000	115.915.000	51.950.000



Skaftárhreppur

Gjaldfært viðhald

Mikil uppsöfnuð viðhaldspörf er á húsnaði grunnskólans og er áætlað að hefja vinnu við að taka húsið í gegn að utan í áföngum. Hlutfallslega verður sett mest fjármagn til viðhalds þar á næsta ári. Nokkur viðhaldsverkefni eru að færa á milli ára líkt og íþróttahúsið, sundlaugin og ýmsar viðgerðir vegna leiguhúsnaði á vegum sveitarfélagsins.

Kirkjubæjarskóli	31				25.200.000	25.200.000
		Endursk. loftræstik.	4390	3110	3.700.000	3.700.000
		Bjöllukerfi	2990	3110	1.000.000	1.000.000
		Raflagnir lagf. smíðastofa	4990	3110	500.000	500.000
		Gluggar, múrkl. og málning + teppi	2990	3110	20.000.000	20.000.000
Íþróttahús	31				2.000.000	2.000.000
		lagfæring á þakleka	4990	3120	2.000.000	2.000.000
Sundlaug	31				4.575.000	4.575.000
		Rakask. búningsklefar og anddyri	4990	3125	3.000.000	3.000.000
		Yfirborð í kringum sundalaug	2990	3125	1.575.000	1.575.000
Félagsheimilið	31				500.000	500.000
		Málning austurhlíð	4990	31345	500.000	500.000
Kæribær	31				3.100.000	3.100.000
		Grindverk, starfsmannask., rúður, gluggar í hurðir ofl., lagf. innanhúss	2990	3115	2.800.000	2.800.000
		Málning inni	4960	3115	300.000	300.000
Bókasafn	31				500.000	500.000
		viðgerð gluggar	4990	31355	500.000	500.000
Gatnakerfi	31				5.500.000	5.500.000
		lagf. gangst.	4990	3150	1.500.000	1.500.000
		Ýms. lagf. gatnakerfi	4990	3150	1.000.000	1.000.000
		Klæðning Klausturvegur framh.	4990	3150	3.000.000	3.000.000
Tungusel	31				400.000	400.000
		ýmist viðhald	2990	31341	400.000	400.000
Múlatotsskóli	31				500.000	500.000
		mótframlag húsafriðunarsj.	4990	31344	500.000	500.000
Leigubúðir	55				3.000.000	3.000.000
		Skerjavellir 3 viðg. þakkanta	4990	5513	1.500.000	1.500.000
		Skerjavellir 5 viðg. þakkanta	4990	5514	1.500.000	1.500.000
Klausturhólar 1 og 2	51				2.000.000	2.000.000
		Þakviðgerðir	4990	5111	2.000.000	2.000.000
Fráveita	61				2.000.000	2.000.000
		úttekt á fráveitu	4390	6111	1.500.000	1.500.000
		tæmingar	4946	6111	500.000	500.000
Fél. íbúðir	57				3.000.000	3.000.000
		Skaftárvellir 1 breyting baðherbergi	4965	5711	2.000.000	2.000.000
		Málning utanhúss bæði 1 og 1a	4965	5711	1.000.000	1.000.000
Geymslustöð	31				500.000	500.000
		vegna áhaldahúss	4390	31372	500.000	500.000
		Samtals gjaldfært			52.775.000	52.775.000

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri

Kirkjubæjarklaustur 16. desember 2019